

Fundargerð

225. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 17. maí 2017 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Samningar um innviðagreiningu
2. Skýrsla framkvæmdsstjóra
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi, óskað var eftir að liður 2 um Skógarorku ehf. bættist við dagskrá.

1. Samningur um innviðagreiningu

Framlagður er verkefnasamningur við Austurbrú um gerð innviðagreiningar á Fljótsdalshéraði. Gert er ráð fyrir að aðilar samnings séum Fljótsdalshérað, Austurbrú ses. og HEF ehf. Framkvæmdastjóri, bæjarstjóri og atvinnu-og menningarfulltrúi eru í stýrihópi verkefnisins.

Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd HEF ehf.

2. Skógarorka ehf.

Framkvæmdastjóri lagði fram gögn varðandi skuldir og mögulegt uppgjör Skógarorku ehf. Fram er komin hugmynd um möguleika á að víkja frá rekstri Skógarorku á ákveðin hátt.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Haustak hf. – framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit útskrift reikninga og sýndi fram á hvað áhrif lokunar þessa fyrirtæki hefur á tekjur HEF ehf.
- b) Hugmyndir um útrásir á mögulegum lagnaleiðum fráveitu í Lagarfljót – unnið er í verkefninu.
- c) Upphéraðsvegur - svera þarf hitaveitupípu frá Brúarlandi að Ullartanga. Hugmynd er um að vinna þetta verk í samvinnu við RARIK.



- d) Búið er að ráða Höllu Sigrúnu Sveinbjörnsdóttir í starf þjónustufulltrúa. Stjórn býður hana velkomna til starfa.
- e) Handverkshúsið við Skjólvang.
- f) Samorkuþingið var gríðar gott og fróðleg erindi.

4. Önnur mál

- a) Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:50

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson